

HEILBRIGÐISSTOFNUN  
VESTURLANDS

ÁRSSKÝRSLA  
2016

Heilbrigðisstofnun Vesturlands

# ÁRSSKÝRSLA 2016

**Umsjón með útgáfu/****hönnun/umbrot**

Rósa Mýrdal

Útgáfud. 26.04.2017

**Ljósmyndir**

G. Bjarki Halldórsson

<http://www.flickr.com/bjarkih/>

<http://www.bjarkih.org/>

Starfsmenn HVE og úr safni HVE

**Forsíðumynd**

G. Bjarki Halldórsson

Myndin heitir BRIM

# EFNISYFIRLIT

Frá forstjóra	bls. 4
Stjórn og stjórnendur	" 6
Þættir úr starfsemi	" 8
<b>Heilsugæslusvið</b>	" 14
Heilsugæslustöð HVE Akranesi	" 17
Heilsugæslustöð HVE Borgarnesi	" 18
Heilsugæslustöð HVE Búðardal	" 19
Heilsugæslustöð HVE Grundarfirði	" 20
Heilsugæslustöð HVE Hólmavík	" 21
Heilsugæslustöð HVE Hvammstanga	" 22
Heilsugæslustöð HVE Ólafsvík	" 23
Heilsugæslustöð HVE Stykkishólmi	" 24
<b>Hjúkrunar- og sjúkrasvið</b>	" 25
Umdæmissjúkrahús HVE Akranesi	" 26
Hjúkrunardeild HVE Hólmavík	" 32
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	" 33
Sjúkrasvið HVE Stykkishólmi	" 34
<b>Ársreikningur 2016</b>	" 39

# FRÁ FORSTJÓRA



Á árinu 2016 var í fyrsta sinn unnin þriggja ára starfsáætlun fyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Þessi breyting er í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015 sem gerir kröfur um að stofnanir setji markmið til þriggja ára og hvernig þeim skuli náð með tilliti til fjárveitinga. Í tengslum við þessar breytingar hófst vinna við að skilgreina árangursmælikvarða fyrir starfsemi HVE og vinnu við þróun þeirra mun verða framhaldið á árinu 2017. Lögð verður áhersla á enn betri heilsugæsluþjónustu fyrir íbúa heilbrigðisumdæmisins og að þjónustu á sjúkrasviði verði viðhaldið og eflað í ákveðnum sérgreinum. Lagabreytingunni fylgir aukin áhersla á stefnumörkun, markvissari tenging við fjárheimildir og mat á árangri stofnana, auk þess sem lögð er áhersla á virkara hlutverk ráðuneyta í eftirliti með ráðstöfun fjárheimilda stofnana.

Starfsemin gekk vel í meginatriðum á síðasta ári og þegar starfsemistölur í þessari ársskýrslu eru skoðaðar sést vöxtur í starfseminni á ýmsum sviðum. Ber sérstaklega að nefna fjölgun liðskiptaaðgerða sem er átaksverkefni sem HVE tók þátt í ásamt LSH og SAK. Þröngur rammi fjárveitinga til rekstrarins og fjármögnun á nauðsynlegum tækjabúnaði er stöðugt viðfangsefni stjórnenda stofnunarinnar. Vegna þess hve hægt hefur miðað í endurnýjun tækjabúnaðar í allmörg ár er svo komið að aldur margra tækja er orðinn hár og lítill möguleiki á frekari viðgerðum til að halda þeim gangandi og á þetta sérstaklega við um sjúkrasviðið á Akranesi. Við finnum fyrir mikilli velvild í samfélaginu sem endurspeglast í þeim veglegu gjöfum sem stofnuninni berast á hverju ári frá félagasamtökum og einstaklingum. Fyrir það erum við innilega þakklát.

Síðustu tvö ár hefur verið unnið að bættu öryggi starfsmanna og húsnæðis. Fyrir rúmum fjórum árum var sett fram umhverfisstefna sem tekur til innkaupa, orkunotkunar, vinnuumhverfis, meðferðar efna og spilliefna. Stofnunin skráði sig til þátttöku í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri í árslok 2014. HVE fékk viðurkenningu fyrir grænu skrefin í apríl 2016 og var þar með fyrsta heilbrigðisstofnun landsins til að hljóta þá viðurkenningu.

Ein af áskorunum sem við stöndum frammi fyrir er að tryggja að stöður séu mannaðar hæfum starfsmönnum og fagmenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum samkvæmt viðmiðum. Við þurfum einnig að halda vöku okkar gagnvart nýliðun þeirra heilbrigðisstétta þar sem meðalaldur fer hækkandi.



Ég vil þakka starfsmönnum HVE fyrir þeirra góðu störf á árinu sem þeir geta verið stoltir af. Verkefnin framundan eru margvísleg og ég trúir að við höfum möguleika á að sækja fram á ýmsum sviðum og veita fjölbreytta, góða, örugga og hagkvæma heilbrigðisþjónustu, sjúklingum og íbúum heilbrigðisumdæmisins til farsældar.

Við höldum bjartsýn inn í nýtt ár með gildi HVE að leiðarljósi.

Jóhanna Fjóra Jóhannsdóttir  
forstjóri frá 1. febrúar 2017

**GILDI HVE**  
**VIRÐING - TRAUST - FAGMENNSKA**

# Myndasýrpa



# STJÓRN OG STJÓRNENDUR 2016

## Framkvæmdastjórn

Forstjóri	Guðjón S. Brjánsson til 31. október 2016 Ásgeir Ásgeirsson frá 1. nóvember 2016
Framkvæmdastjóri lækninga	Pórir Bergmundsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
Framkvæmdastjóri fjármála	Ásgeir Ásgeirsson

## Aðrir stjórnendur

Sviðsstjóri lækninga á heilsugæslusviði	Linda Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði	Rósa Marinósdóttir
Svæðisfulltrúi	Guðmundur Haukur Sigurðsson
Svæðisfulltrúi	Jóhann Björn Arngrímsson
Deildarstjóri húsnæðis og tækja	Halldór Hallgrímsson
Yfirlyfjafræðingur	Sandra Björg Steingrímsdóttir
Fagstjóri endurhæfingar	Hrefna Frímansdóttir
Fagstjóri lækna-ritunar	Rósa Mýrdal til 1. mars 2016 Þuríður Þórðardóttir frá 1. mars 2016
Fagstjóri myndgreiningar	Gróa G. Þorsteinsdóttir
Fagstjóri rannsóknarþjónustu	Hafdís Bjarnadóttir til 1. september 2016
Fagstjóri og deildarstjóri sjúkraflutninga	Gísli Björnsson

## Heilsugæslusvið

HVE Akranes heilsugæsla	Reynir Þorsteinsson yfirlæknir til vors 2016 Rólant Dahl Christiansen og Sveinn Rúnar Sigurðsson umsjónarlæknar frá vori 2016 Ragnheiður Björnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Borgarnes heilsugæsla	Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir Rósa Marinósdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Búðardalur heilsugæsla	Þórður Ingólfsson yfirlæknir Þórunn B. Einarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Grundarfjörður heilsugæsla	Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hólmavík heilsugæsla	Anna Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hvammstangi heilsugæsla	Geir Karlsson yfirlæknir Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Ólafsvík heilsugæsla	Andri Heide yfirlæknir Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur Sigrún Erla Sveinsdóttir frá 1. mars 2016
HVE Stykkishólmur heilsugæsla	Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

### Sjúkrasvið

Handlækningadeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Pura B. Hreinsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kvennadeild HVE Akranesi	Konráð Lúðvíksson yfirlæknir Anna Björnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild HVE Akranesi	Guðni Arnar Guðnason yfirlæknir Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi	Björn Gunnarsson yfirlæknir Guðrún M. Halldórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Kristjana Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri til 1. sept. 2016 Snekkja Jóhannesdóttir frá 1. sept. 2016
Slysa- og göngudeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðríður Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Myndgreiningardeild HVE Akranesi	Gróa G. Þorsteinsdóttir deildarstjóri
Rannsóknardeild HVE Akranesi	G. Bjarki Halldórsson deildarstjóri
Heilbrigðisupplýsingadeild HVE Akranesi	Rósa Mýrdal deildarstjóri til 1. mars 2016 Puríður Þórðardóttir frá 1. mars 2016
Endurhæfingardeild HVE Akranesi	Ingibjörg Óskarsdóttir deildarstjóri Sigrún Ásmundsdóttir deildarstjóri
Afgreiðsludeild HVE Akranesi	Ingibjörg Finnbogadóttir deildarstjóri
Eldhús HVE Akranesi	Bjarni Þór Ólafsson deildarstjóri
Ræsting HVE Akranesi	Jóna María Örlaugsdóttir deildarstjóri
Viðhalds- og tæknideild HVE Akranesi	Halldór Hallgrímsson deildarstjóri
Hjúkrunardeild HVE Hólmavík	Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	Geir Karlsson yfirlæknir Þórunn Júlíusdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Eldhús HVE Hvammstanga	Ulla Kristín Lundberg deildarstjóri
Sjúkradeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Háls- og bakdeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Stykkishólmi	Hrefna Frímannsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Stykkishólmi	Hafdís Bjarnadóttir deildarstjóri til 1. september 2016



# **ÞÆTTIR ÚR STARFSEMI**

## **Reksturinn**

Í upphafi árs var HVE eina heilbrigðisstofnun landsins með jákvæðan höfuðstól skv. skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem borinn var saman rekstur árána 2012 – 2015. Uppsafnaður halli annarra heilbrigðisstofnana var á bilinu 62-391 millj. kr. Þrátt fyrir að höfuðstóll HVE væri jákvæður um 4 millj. kr. króna var ljóst þegar fjárlög ársins 2016 lágu fyrir, að lítið mætti út af bera í rekstrinum og lítið svigrúm til að mæta ófyrirséðum útgjöldum. Þessi þrönga rekstrarstaða sem skapast hefur er vegna þess að annað árið í röð fékkst ekki viðurkennd í fjárveitingum sambærileg hækkun vegna launabóta til starfandi verktakalækna í heilsugæslu eins og fyrir lækna sem starfa sem launþegar en árlegt frávik vegna þessa nemur að lágmarki 50 millj. kr. Á síðasta ársfjórðungi varð ljóst að ekki yrði unnt að koma í veg fyrir rekstrarhalla í fyrsta sinn síðan árið 2011. Endanleg niðurstaða í lok ársins sýndi rekstrarhalla sem nam 40 millj. kr. eða um 0,93% af fjárheimildum sem vinna þarf upp á árinu 2017.

## **Starfsemin**

Meginverkefni HVE er að veita almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðis-umdæmi Vesturlands í samræmi við fjárheimildir og starfsemin skiptist í þrjú flokka eftir meginviðfangsefnum þ.e. heilsugæslusvið, hjúkrunarsvið og sjúkrasvið.

Við skoðun á starfsemistölum sést að starfsemin var síst minni en undanfarin ár og vaxandi á sumum sviðum. Starfsemi og þjónustupörf á heilsugæslusviði HVE helst að mestu leyti í hendur við fjölda íbúa á hverjum stað. Þetta kallar á aukinn mannafla þar sem íbúum fjölga mest og að sama skapi er hægt að hagræða í mannahaldi eða fela starfsmönnum ný verkefni þar sem íbúum innan þjónustusvæða heilsugæslustöðva fækka. Lögð er meiri áhersla á teymisvinnu á heilsugæslusviði og á árinu fékkst viðbótarfjárveiting til að ráða sálfæðing til starfa en því miður tókst ekki að manna stöðugildi nema að hluta. Frekari upplýsingar um starfsemi á heilsugæslusviði er að finna á bls. 14-24.

Starfsemin á hjúkrunarsviði HVE var að mestu leyti í föstum skorðum eins og fyrri ár. Á haust-

mánuðum hófst verkefni á hjúkrunar- og sjúkradeildinni á Hvammstanga þar sem sérstök áhersla er lögð á hvíldar- og endurhæfingarinnlagnir aldraða með það að markmiði að aðstoða aldraða einstaklinga við að efla og viðhalda færni til athafna daglegs lífs. Mögulegt er að nýta allt að þrjú af hjúkrunarrýmum deildarinnar fyrir þessa þjónustu sem verður endurmetin um mitt ár 2017. Í lok október var tekið í notkun nýtt líknarherbergi á deildinni sem kvenfélögin á starfssvæðinu fjármögnuðu. Um er að ræða rúmgott herbergi sem áður rúmaði tvo sjúklinga en var búið húsgögnum og búnaði sem bætir til muna aðstæður sjúklinga og aðstandenda við lífslok.

Í Stykkishólmi var áfram unnið að samþættingu stofnanaþáttar öldrunarþjónustu HVE og dvalarheimilis sveitarfélagsins með það að markmiði að koma starfseminni undir eitt þak í húsnæði HVE við Austurgötu. Unnið hefur verið að málinu frá árinu 2011 en miðað hægt. Með sameiningunni er talið að unnt verði að ná fram verulegri hagræðingu til framtíðar. Undir lok árs náðist einn áfangi í ferlinu sem var sameining eldhúsa HVE og dvalarheimilisins í húsnæði HVE og mun sveitarfélagið annast reksturinn fyrst um sinn. Í eldhúsinu er nú matreitt fyrir HVE, dvalarheimilið, grunnskólann, Ásbyrgi og fyrir aldraða sem fá heimsendan mat. Í október náðist mikilvægur áfangi í ferlinu þegar Framkvæmdasýsla ríkisins skilaði frumathugun á verkefninu í heild til velferðarráðuneytisins. Vonir eru bundnar við að fjármagn fái á árinu 2017 og skriður komist á framkvæmdir.

Sérhæfð heilbrigðisþjónusta á umdæmissjúkrahúsi HVE á Akranesi er umfangsmeiri en sjúkrahúsa annarra heilbrigðisstofnana og hlutdeild íbúa af höfuðborgarsvæðinu sem sækir þjónustu þangað er allnokkur. Má nefna að hlutfall íbúa af höfuðborgarsvæðinu var á árinu 27% af sjúklingum handlækningadeildar og 36% af sjúklingum kvennadeildar. Aukið umfang stærri skurðaðgerða setti svip á árið í kjölfar samninga um fjölgun liðskiptaáðgerða. Heilbrigðisráðuneytið ákvað að ráðast í átaksverkefni um aðgerðir þar sem bið eftir þjónustu er löng og var HVE auk LSH og SAK aðili að samningi sem gerður var um fjölgun liðskiptaáðgerða með það að markmiði að stytta biðlista. Verkefnið hófst í mars og voru gerðar 52 liðskiptaáðgerðir á Akranesi til viðbótar þeim 110 sem miðað er við að gerðar séu árlega. Með góðu skipulagi og samstilltu átaki starfsmanna skurðstofu, svæfingadeildar, handlækningadeildar,

## ***Þættir úr starfsemi***

endurhæfingadeildar og innskrifta á göngudeild gekk verkefnið vel og ráðgert að því verði fram haldið árið 2017.

Fæðingar voru 292 og hafa ekki verið fleiri frá árinu 2011. Í nóvember hófu lækningar á kvennasviði LSH að gera aðgerðir á skurðstofu en verið er að kanna möguleika þess að LSH fái aðgerðardaga fyrir sjúklinga sem eru á biðlista LSH.

Á lyflækningadeild bættist gigtlæknir í hóp sérfræðilækna en þá sérgrein hafði vantað á stofnunina í tæp tvö ár.

Starfsemi háls- og bakdeildar í Stykkishólmi sem sinnir sérhæfðri meðferð við háls- og bakverkjum var með svipuðum hætti. Fjölmennasti hópurinn sem sækir þangað þjónustu kemur af höfuðborgarsvæðinu og var 56% af sjúklingum deildarinnar á árinu. Unnið hefur verið að því frá miðju ári að fá nýjan lækni til að taka við þar sem núverandi yfirlæknir deildarinnar mun láta af störfum sökum aldurs á næsta ári.

Mikilvægt skref í rafrænni heilbrigðisþjónustu náðist á árinu en það var innleiðing á Heilsuveru á starfssvæði HVE. Um er að ræða öruggt vefsvæði fyrir notendur heilbrigðisþjónustunnar sem ætlað er til samskipta við starfsfólk heilbrigðiskerfisins. Heilsuveran sem þróuð er af Embættis landlæknis mun breyta miklu um aðgengi almennings að eigin sjúkraskrárgögnum innan fárra ára og fyrstu skrefin lofa góðu.

Unnið er að brýnu verkefni við að bæta innri og ytri vef stofnunarinnar því núverandi vefur er úreldur og nýtist ekki sem skyldi. Nýr vefur mun opna ýmsa nýja möguleika í samskiptum og miðlun upplýsinga til þjónustuþega og starfsmanna.

## **Mannauðsmál**

Á HVE starfa 405 starfmenn, 87 karlar og 318 konur. Starfsmannavelta var heldur meiri en árið 2015.

Helstu áskoranir í mannauðsmálum á árinu 2016 voru eins og oft áður að manna fastar stöður og afleysingar á öllum sviðum, sérstaklega þar sem krafist er menntaðra heilbrigðisstarfsmanna.

Mönnun heilsugæslusviðs HVE var að mestu í jafnvægi miðað við fyrra ár utan mannekleu í læknamönnun heilsugæslunnar á Akranesi fyrstu mánuði ársins. Læknaskorturinn hafði hamlandi áhrif á starfsemi stöðvarinnar en á vormánuðum tókst að gera samning við fjóra lækna um að taka að sér lækniþjónustuna og þar með bættist Akranes í hóp heilsugæslustöðva HVE þar sem lækningar í verkþöku sjá um þjónustuna. Markmiðið um að hafa sérfræðinga í heimilislækningum við störf sem víðast er enn langt frá því að nást.

Á HVE starfar hópur starfsmanna með breiða og mikla þekkingu sem mikilvæg er til að tryggja góða og örugga þjónustu. Meðalaldur nokkurra heilbrigðisstétta fer hækkandi og því þarf að halda vöku gagnvart nýliðun og mikilvægi þess að laða fólk til náms og starfa innan heilbrigðiskerfisins.

Það er ávallt krefjandi verkefni innan stofnunarinnar að halda fullnægjandi starfsemi yfir sumartímann á meðan sumarorlof standa yfir. Þetta tengist að mestu því hve erfitt er að fá fagmenntaða heilbrigðisstarfsmenn til afleysinga. Á Akranesi var erfitt að manna stöður hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra þrátt fyrir samdrátt í starfsemi og sameiningu legudeilda. Í Stykkishólmi þurfti að grípa til lokunar á sjúkradeildinni í 6 vikur vegna skorts á almennum starfsmönnum.

Á hjúkrunar- og sjúkradeildinni á Hvammstanga hefur mönnunarvandi verið viðvarandi um nokkra hríð, helst þó við að manna stöður hjúkrunarfræðinga.

Reynir Þorsteinsson yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi lét af störfum í lok apríl fyrir aldurs sakir eftir langan og farsælan starfstíma hjá stofnuninni. Reynir hóf störf í heilsugæslunni á Akranesi í september 1976 og var yfirlæknir stöðvarinnar frá janúar 1980. Á Hvammstanga létu tveir starfsmenn af störfum eftir 50 ára starf. Þetta voru Bára Garðarsdóttir læknaritari og Elísabet Bjarnadóttir sjúkraliði, sem hófu báðar störf á stofnuninni 1. júní 1966.

Boðið var til þriggja kveðjuhófa á árinu, á Akranesi, á Hvammstanga og í Stykkishólmi þar sem stofnunin



## Pættir úr starfsemi

kvaddi starfsmenn sem létu af störfum sökum aldurs og höfðu starfað samfellt a.m.k. sl. 10 ár.

### HVE Akranesi

Anna Hannesdóttir, starfsmaður í ræstingu  
Jóhanna Einarsdóttir, móttökuritari  
Jónasína Oddsdóttir, starfsmaður í eldhúsi  
María Pálsdóttir, starfsmaður í ræstingu  
Reynir Þorsteinsson, yfirlæknir  
Þórir Þórhallsson, læknir

### HVE Hvammstanga

Anna María Jónsdóttir, sjúkraliði  
Bára Garðarsdóttir, lækningaritari  
Elísabet Bjarnadóttir, sjúkraliði

### HVE Stykkishólmi

Guðrún Gunnarsdóttir, móttökuritari  
Petrína Bjartmarz, hjúkrunarfræðingur  
Sigrún Þorvarðardóttir, lækningaritari

Öllum þessum starfsmönnum eru færðar bestu þakkir fyrir gott og gæfuríkt samstarf.

## Sí- og endurmenntun starfsmanna

Hver starfsstöð/deild hefur ákveðna fjárhæð á ári til að nýta í sí- og endurmenntun auk þess sem starfsmenn eru hvattir til að nýta réttindi í starfsmenntunarsjóðum stéttarfélaganna sem HVE greiðir til mánaðarlega. Haldin er skrá yfir fjölda starfsmanna sem sækja fræðslu og námskeið árlega sem gefur stjórnendum góðar upplýsingar. Á Akranesi áttu fulltrúar hjúkrunarfræðinga frumkvæði af því að skipuleggja jafningafræðslu sem er opin öllum starfsmönnum og voru fjögur fræðsluerindi haldin á þeirra vegum á árinu. Þeim er þakkað þetta jákvæða framtak sem er hvetjandi til eftirbreytni fyrir aðra starfshópa. Reglulega eru haldin skyndihjálpar- og endurlífgunarnámskeið samkvæmt verklagsreglu HVE og á árinu sóttu 99 starfsmenn skyndihjálparnámskeið.

Áhersla er hjá HVE á að viðhalda og auka þekkingu sjúkraflutningamanna og gera þá enn hæfari til þess að sinna sjúkum og slösuðum einstaklingum með því að halda reglulega endurmenntunar-

námskeið. Á árinu sóttu 46 sjúkraflutningamenn frá öllum starfsstöðvum HVE slík námskeið.

Tólf öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn, frá öllum starfsstöðvum HVE utan Ólafsvík, fóru á tveggja daga námskeið á vegum Vinnueftirlitsins sem haldið var í Borgarnesi í nóvember. Þetta er í fyrsta sinn sem HVE sendir hóp á námskeið sem þetta. Bundnar eru vonir við að þessir aðilar verði virkir í að sinna vinnuvernd og fylgjast með að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlög. Þá gegna öryggisverðir mikilvægu hlutverki í að virkja starfsmenn og efla öryggisvitund þeirra.

Í október varð HVE áskrifandi að UpToDate. Um er að ræða rafrænan gagnagrunn sem býður upp á gagnreyndar leiðbeiningar í mörgum sérgreinum og er notaður til stuðnings við klínískar ákvarðanir. UpToDate sem notað er af læknum í um 160 löndum er nú aðgengilegt öllum starfsmönnum í gegnum tölvukerfi HVE.

## Nemar í klínísku starfsnámi

Árið 2016 komu 49 nemendur í klínískt starfsnám á hjúkrunarvið HVE á Akranesi, nokkuð fleiri en árið áður. Námsstími hvers og eins var á bilinu 1- 4 vikur og samanlagður tími nema í starfsnámi var 94 vikur. Þá komu tveir hjúkrunarnemar á fjórða ári í klínískt starfsnám á heilsugæslu HVE í Borgarnesi, hver um sig dvaldi í eina viku.

Nánari upplýsingar um skiptingu nemanna á Akranesi má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

	Heilsugæsla	Handl.deild	Kvenna-deild	Lyflækninga deild
Hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í ljósmóðurfræðum			4	
Hjúkrunarfræði-		3	11	8
Hjúkrunarfræði-	4		2	
Sjúkraliðanemar frá	1	11		7
<b>Fjöldi nema</b>	<b>5</b>	<b>14</b>	<b>17</b>	<b>15</b>
<b>Lengd dvalar</b>	<b>7 vikur</b>	<b>44 vikur</b>	<b>20 vikur</b>	<b>48 vikur</b>



## Þættir úr starfsemi

Tveir nemar í sjúkráþjálfun komu í verknám á háls- og bakdeild HVE í Stykkishólmi og voru átta vikur hvor. Vegna breytinga á námi sjúkráþjálfara voru ekki fleiri nemar þetta árið en búist er við að það fari aftur í svipað horf og var fyrir breytingu. Einn læknanemi kom í 2ja vikna starfsnám á heilsugæslustöðina á Akranesi  
Einn lækningaritari nemi var í starfsþjálfun á heilbrigðisupplýsingadeild á Akranesi í 8 vikur.

### Endurbætur og viðhald

Eins og undanfarin ár var unnið að ýmsum verkefnum við endurbætur og viðhald fasteigna á starfsstöðvum HVE í góðu samstarfi við Fasteignir ríkissjóðs.

Á Akranesi var skipt um glugga og lokið við viðgerðir utanhúss á svokölluðu C- húsi sjúkrahússins. Á heilsugæslunni var fjórum samliggjandi herbergjum breytt til mikilla bóta fyrir starfseminna. Lokið var við endurbætur utanhúss á starfsmannabústað á Heiðarbraut 32 þ.e. málað, múrviðgert og klætt að hluta. Þá var skipt um stýringar á annari aðallyftunni á HVE og þær samtengdar.

Í Borgarnesi var röntgenherbergið tekið í gegn og kaffistofa starfsmanna færð á efri hæðina.

Í Grundarfirði var sett rennihurð á aðalinnganginn og skipt um hurð á sjúkrabílageymslu. Einnig var unnið að endurbótum á herbergi sem tannlæknir hafði áður til afnota en nýta á sem aðstöðu fyrir sjúkráþjálfara.

Í Ólafsvík var bílaplanið lagfært og veggir klæddir að utan til að reyna að koma í veg fyrir þrálátan leka.

Í Stykkishólmi voru gerðar breytingar á eldhúsi og fjárfest í tækjum í framhaldi af ákvörðun sem tekin var um samrekstur eldhúss dvalarheimilisins í Stykkishólmi og HVE. Lóðinni var skipt upp og samningur gerður við Kapólsku kirkjuna. Þá var þaðherbergi fyrir sjúklinga á sjúkradeildinni endurbætt auk ýmissa smærri verka.

Í Búðardal var málað að utan að hluta og klárað að endurnýja gólfduka.

Á Hólmavík var skipt um þak á læknaþústaðnum og skolplögn endurbætt auk þess sem lóðin við heilsugæsluna var lagfærð.

Á Hvammstanga var þak heilsugæslustöðvarinnar endurnýjað auk ýmissa smærri endurbóta.

### Tækjabúnaður

Á árinu voru keypt tæki og ýmis búnaður fyrir samtals 45,8 millj. króna sem skiptist þannig: Kaup á ýmsum húsbúnaði og þess háttar voru 3,6 millj. króna, skrifstofuvélar og tölvubúnaður fyrir 5,4 millj. króna, eldhústæki fyrir 5,3 millj. króna, sjónvörp og símatæki fyrir 0,6 millj. króna, lækningatæki fyrir 23,4 millj. króna, sérgreind rannsóknartæki og önnur mælitæki fyrir 0,6 millj. króna, tæki til sjúkráþjálfunar fyrir 1,3 millj. króna, ýmis önnur áhöld og tæki fyrir 3,5 millj. króna og bifreið fyrir 2,1 millj. króna.

Á árinu lá fyrir listi yfir þann tækjabúnað sem nú þegar væri kominn á tíma fyrir endurnýjun eða væri að koma á tíma á næstu einu til tveimur árum eftir bráðleika. Heildarverð þeirrar áætlunar nam 220 millj. króna.

Skipting búnaðarkaupa eftir starfsstöðvum er þannig að á Akranesi var keyptur búnaður fyrir 34,9 millj. króna, í Borgarnesi fyrir 0,5 millj. króna, í Búðardal fyrir 0,6 millj. króna, í Grundarfirði fyrir 1,2 millj. króna, í Hólmavík fyrir 0,2 millj. króna, á Hvammstanga fyrir 1,7 millj. króna og í Stykkishólmi fyrir 6,7 millj. króna. Engin tækja- eða búnaðarkaup voru í Ólafsvík á árinu.

Helstu og stærstu einstöku tækjakaupin eftir starfsstöðum voru eftirtalin.

Akranes:

Á skurðeild var keypt skurðborð að verðmæti 11,5 millj. króna, Endoeye og speglunarbúnaður fyrir kviðsjárspeglunartæki fyrir 3,7 millj. króna, áhaldapvottavél fyrir 2,8 millj. króna. Keyptar voru tvær verkjadælur á svæfingadeild fyrir 0,5 millj.



## **Pættir úr starfsemi**

króna og stjórnbúnaður fyrir svæfingarvél fyrir 0,8 millj. króna. Á handlækningadeild var keyptur mónitor til að fylgjast með lífsmörkum sjúklunga að verðmæti 0,8 millj. króna. Á lyflækningadeild voru keyptar tvær göngugrindur og annar búnaður fyrir 0,8 millj. króna. Á heilsugæslustöðinni voru keyptir fimm skoðunarbekkir að verðmæti 1,2 millj. króna og bifreið fyrir heimahjúkrun fyrir 2,1 millj. króna. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja á Akranesi 111 millj.kr. Þar af vegna röntgentækis fyrir um 55 millj. króna.

### **Borgarnes:**

Keyptur var ýmis húsbúnaður og smærri tæki fyrir 0,5 millj. króna. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja þar fyrir um 26 millj. króna, þar af vegna röntgentækis að verðmæti 25 millj. króna.

### **Búðardalur:**

Keyptur var ýmis húsbúnaður og smærri tæki fyrir 0,6 millj. króna.

### **Grundarfjörður:**

Keyptur var ýmis búnaður fyrir sjúkraþjálfun fyrir 1,1 millj. króna. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja þar fyrir utan 0,6 millj. króna.

### **Hólmavík:**

Keypt var göngugrind og fleira fyrir 0,2 millj. króna. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja þar fyrir um 27 millj. króna, þar af vegna röntgentækis að verðmæti 25 millj. króna.

### **Hvammstangi:**

Endurnýjaður var tölvubúnaður fyrir 1 millj. króna og rannsókn- og mælitæki fyrir um 0,2 millj. króna. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja þar fyrir um 26 millj. króna, þar af vegna röntgentækis að verðmæti 25 millj. króna.

### **Ólafsvík:**

Ekki voru keypt tæki á Ólafsvík á árinu. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja þar fyrir um 0,8 millj. króna.

### **Stykkishólmur:**

Keyptur var nýr gufuofn fyrir eldhús fyrir 2,5 millj.

króna og gufupottur fyrir 2,5 millj. króna. Fyrir legudeild voru keyptir mónitorar til að fylgjast með lífsmörkum að verðmæti 0,5 millj. króna. Þá var keyptur tölvubúnaður fyrir 0,5 millj. króna. Samtals var metin þörf á endurnýjun tækja þar fyrir um 29 millj. króna, þar af vegna röntgentækis að verðmæti 25 millj. króna.

## **Gjafir til HVE**

Intelliview MX 40 hjartarafsjá að verðmæti 700.000 kr. barst lyflækningadeild frá einstaklingi sem ekki vildi láta nafn síns getið. Þetta er telemetria sem tengist skjá á vaktstofu og setustofu starfsmanna auk þess sem hægt er að fylgjast með EKG og súr-efnismettun.

Í apríl 2016 færði Lionsklúbbur Akraness lyflækningadeild HVE Akranesi að gjöf hjartalínuritstæki af nýjustu tegund, búið þeim eiginleikum að geta flutt upplýsingar beint yfir í rafræna sjúkraskrá sjúklings. Upplýsingar eru því aðgengilegar til úrlestrar fyrir sérfræðing hvort heldur hann er staðsettur innan sjúkrahússins eða á Landspítala. Auk hjartalínuritstækisins gaf Lionsklúbburinn svokallaðan Holter hjartasírta. Tækið er notað við rannsóknir á taktruflunum í hjarta og tekur upp hjartalínurit í heilan sólarhring eða lengur eftir ástæðum. Verðmæti gjafanna er um 1,5 milljón króna.

Í byrjun júní var HVE á Hvammstanga afhent nýtt ómtæki af gerðinni Sonosite Edge II og fylgja því þrjú hausar til mismunandi greininga. Tækið kostaði um 6,2 milljónir fyrir utan vsk. Gefendur voru Lionsklúbburinn Bjarmi, Hollvinasamtök HVE Hvammstanga ásamt sveitarfélaginu, fyrirtækjum og einstaklingum á svæðinu.

Hollvinasamtök HVE færðu heilsugæslunni í Borgarnesi og skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi tvær veglegar gjafir í júlíbyrjun 2016. Í hlut heilsugæslunnar kom stafrænt mælitæki með púls-, súrefnis-, blóðþrýstings- og eyrnahtamælingu ásamt fylgihlutum. Allt er þetta í sama tækinu sem er færanlegt á milli vinnusvæða innan stöðvarinnar og því hentugt í þjónustu við skjólstæðinga.



## ***Þættir úr starfsemi***

Verðmæti tækisins er tæplega 400 þús. kr. Skurð- og svæfingadeildin fékk að gjöf blöðruómskoðunartæki til nota á deildinni og eflir enn og greiðir fyrir betri þjónustu. Tækið er notað til eftirlits eftir aðgerðir, bæði í þágu barna og fullorðinna. Verðmæti tækisins er 1,4 millj. kr. Formaður Hollvinasamtakanna, Steinunn Sigurðardóttir ásamt stjórnarmönnum afhentu fulltrúum HVE gjafirnar með góðum óskum.

Nýtt og vel búið líknarherbergi með góðri aðstöðu fyrir aðstandendur var formlega tekið í notkun á HVE Hvammstanga í lok október. Kvenfélögin Ársól, Björk, Freyja, Iðja, Iðunn, Kvenfélag Staðarhrepps og Húsfreyjurnar á Vatnsnesi stóðu sameiginlega að verkefninu og lögðu fram um 700 þús. kr. til kaupa á búnaði í þessa glæsilegu vistarveru.

Oddfellowstúkurnar á Akranesi og Borgarbyggð, Stúkan Rbst. nr. 5, Ásgerður og st. nr. 8, Egill stóðu sameiginlega að því að gefa Kvennadeild HVE Akranesi nýtt og fullkomið ómskoðunartæki til notkunar á deildinni. Tækið er af gerðinni General Electric Voluson S8 BT15 Console, að verðmæti 5.704.000 krónur. Tækið leysir af hólmi eldra tæki sem komið var á tíma enda miklar framfarir orðið í tækni á þessu sviði á undanförunum árum. Þetta tæki hefur allt til að bera sem notað er við þá vinnu sem unnin er af ljósmæðrum og læknum stofnunarinnar varðandi eftirlit þungaðra kvenna auk þess sem það nýtist einnig við greiningu á sviði kvensjúkdóma. Afhending tækisins fór fram í byrjun nóvember og var í tilefni af stórafmælum beggja regludeildanna á árinu.

Í desember gaf Helga G. Jónsdóttir HVE Akranesi veglegan tækjabúnað að verðmæti 1 millj. kr. til minningar um foreldra sína séra Jón M. Guðjónsson og Lilju Pálsdóttur. Handlækningadeild fékk fullkomna hjartarafsjá (monitor) á hjólum sem notuð verður til að fylgjast með sjúklingum eftir stórar skurðaðgerðir. Þá fékk lyflækningadeild tvö hjálpartæki, háa göngugrind og flutningsdýnu sem kemur að góðum notum við umönnun sjúklinga með skerta hreyfigetu.

Aðstandendur Brynju Einarsdóttur gáfu lyflækningadeild HVE Akranesi fallegan og þægilegan stól sem nýtist fyrir sjúklinga og aðstandendur.

Kvenfélag Stafholtstungna gaf gippsög að verðmæti 200 þús. kr. til HVE Borgarnesi.

Stofnunin færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir hlýhug og stuðning.



# HEILSUGÆSLUSVIÐ HVE

Á heilsugæslusviði HVE eru átta starfsstöðvar sem hafa það hlutverk að veita lækniþjónustu, hjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðaþjónustu og annast sjúkraflutninga. Á þremur starfsstöðvum eru fastir læknar en á öðrum stöðum er lækniþjónusta í verkstöðu eins og undanfarin ár. Á vormánuðum bættist heilsugæslustöðin á Akranesi í hópinn þar sem ekki tókst að ráða lækna í fastar stöður. Það er því enn talsvert í að stefna stjórnvalda um að allir landsmenn hafi skráðan heilsugæslulækni nái fram að ganga.

Starfsemi heilsugæslustöðva er borin saman milli ára út frá skráðum beinum samskiptum við sjúklinga þ.e. viðtölum, vitjunum og símtölum. Bein samskipti við sjúklinga á heilsugæslusviði HVE voru 117.011 árið 2016 en 109.110 árið 2015. Viðtöl og vitjanir eru heldur færri en árið 2015 en talsverð aukning í fjölda skráðra símtala sem skýrist að einhverju leyti af meiri símaþjónustu við sjúklinga en einnig af betri skráningu.

Umfang starfsemi og mönnunarþörf heilsugæslustöðva HVE er mismikil. Helst hún að mestu leyti í hendur við íbúafjöldann sem er frá því að vera 7.700 íbúar niður í 650 íbúa en einnig er tekið tillit til hversu mikill fjöldi íbúa býr í dreifbýli sem hefur m.a. áhrif á þjónustu heimahjúkrunar.

Þáttur hjúkrunarfræðinga í móttöku sjúklinga hefur verið eflur á flestum starfsstöðvum síðustu ár. Á Akranesi þar sem íbúum fjölga mest var ákveðið að bæta við hjúkrunarfræðingi á síðasta ári og urðu stöðugildi hjúkrunarfræðinga í móttöku 150% í stað 100%.

Á árinu fékkst 10 m.kr. viðbótarfjármagn til að styrkja heimahjúkrun. Fjármagnið var nýtt í heimahjúkrun á Akranesi þar sem þurft hefur að bæta við stöðugildum sl. tvö ár vegna umfangsmikillar kvöld- og helgarþjónustu. Þar er lengsta biðin eftir hjúkrunarrými á starfssvæði HVE og öldruðum fjölga mest. Í Borgarnesi er heimahjúkrun eingöngu veitt á dagvinnutíma en nú er farið að þrengja að og aukning á beiðnum í heimahjúkrun um kvöld og helgar.

Á öðrum stöðum er heimahjúkrun aðeins veitt á dagvinnutíma og ekki merki um vanda enn sem komið er enda víðast hvar betra aðgengi að stofnanavist í hjúkrunarrýmum en á Akranesi og í Borgarnesi.

Fyrir tveimur árum urðu breytingar á þjónustu Krabbameinsfélags Íslands á landsbyggðinni þegar ákveðið var að færa leghálsnýnatökur í auknum mæli heim í hérað og hafa sem hluta af reglubundinni forvarnaþjónustu heilsugæslustöðva líkt og þekkt víða erlendis þar sem ljósmæður sjá um framkvæmdina. Nú er boðið upp á þjónustu ljósmæðra sem hafa fengið kennslu í sýnatöku á öllum stöðum nema í Borgarnesi þar sem læknir sér um sýnatökuna.

Á þremur heilsugæslustöðvum eru starfandi ljósmæður þ.e. á Akranesi, í Ólafsvík og á Hvammstanga. Meðgönguvernd í Grundarfirði og í Stykkishólmi er sinnt reglulega af ljósmóður í Ólafsvík og ljósmóðir frá Akranesi er með móttöku í Borgarnesi einn dag í viku. Á árinu byrjaði ljósmóðir á Hvammstanga að fara í Búðardal og á Hólmavík til að taka leghálsnýni í samvinnu við Krabbameinsfélagið og í þessum ferðum býður hún einnig upp á mæðraskoðanir. Utan þessara föstu ferða geta konur sótt þjónustu ljósmóður á nágrannastöð innan HVE.

Unnið var að því að bæta sálfræðiþjónustu heilsugæslustöðva í samræmi við stefnu stjórnvalda og var sviðsstjórum hjúkrunar og lækninga í heilsugæslu falið að gera tillögu að þjónusturamma innan HVE í samræmi við fjárheimildir sem nemur um 80% stöðugildi. Lagt var til að skipta stöðunni m.v. íbúafjölda á eftirfarandi hátt: 20% fyrir Akranes, 20% fyrir Borgarnes, 20% fyrir Stykkishólm, Grundarfjörð og Ólafsvík og 20% fyrir Búðardal, Hólmavík og Hvammstanga. Þá var lagt til að komur til sálfræðings yrðu bundnar tilvísunum frá læknum og miðað við fjóra tíma fyrir hvern einstakling. Í kjölfar auglýsinga tókst aðeins að ráða sjálfræðing í Borgarnes en áfram er unnið að því að fá sálfræðinga í 60% starf til að sinna öðrum starfsstöðvum.

Á árinu hófst undirbúningur við endurskoðun þjónustu við sykursjúka. Stefnt er að því að móttaka fyrir sykursjúka verði í boði á öllum heilsugæslustöðvum og betri tengslum komið á við sykursýkismóttöku á Akranesi þar sem sérfræðingur í efnaskiptasjúkdómum starfar. Markmiðið er að tryggja öllum sjúklingum með sykursýki jafngöða þjónustu, óháð búsetu innan starfssvæðis HVE.

## Heilsugæslusvið

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (HVE) gerðu með sér áframhaldandi samkomulag um heilbrigðisþjónustu sem veitt er nemendum skólaárið 2016 – 2017 enda orðið ljóst að þörfin fyrir þjónustuna er töluverð. Hjúkrunarfræðingur á heilsugæslustöð HVE á Akranesi sinnir verkefninu í litlu stöðuhlutfalli sem felur m.a. í sér að aðstoða nemendur vegna veikinda á skólatíma, ráðgjöf, viðtalstíma fyrir nemendur vegna hvers kyns heilsufarsvanda og vera tengill milli skólans og nemenda með heilsufarsvanda og eftir atvikum forráðamanna þeirra. Einnig að aðstoða nemendur og vera þeim til ráðgjafar varðandi það að leita frekari aðstoðar innan heilbrigðiskerfisins. Samkvæmt starfsáætlun HVE var sett á laggirnar tilraunamóttaka í HVE Borgarnesi í október 2016 með öðru sniði en á Akranesi og síðan á að meta hvort fyrirkomulagið gefst betur. Móttakan er fyrir ungmenni á aldrinum 15 til 20 ára og er staðsett á heilsugæslustöðinni en ekki í menntaskólanum til að geta líka náð til þeirra sem ekki eru í skóla. Markmiðið með þjónustunni er að auka aðgengi ungmenna að heilbrigðisþjónustu, bjóða upp á ráðgjöf og fræðslu og stuðla að bættri líðan.

Greiningarteymi barna var sett á fót í Borgarnesi en undirbúningur hafði staðið um tíma. Á Akranesi var slíkt teymi fyrir og haldið verður áfram að leita leiða til að koma á slíku samvinnuverkefni HVE og sveitarfélaga á hverjum stað.

Á vormánuðum hófst samstarf á milli HVE og Reykhólahrepps um vettvangsliða. Átta aðilar sem allir eru í björgunarsveitinni á staðnum fengu þjálfun sem slíkir. HVE lagði til búnað, svo sem

neyðartösku, sjúkrabörur, spelkur, hálskraga, súrefnisbúnað og hjartastuðtæki.

Vegna erfiðleika við að framfylgja gjalddöku fyrir þjónustu lækna á heilsugæslustöðvum utan dagvinnu og fyrir ósjúkratryggða sem þurfa að greiða fyrir flutning í sjúkrabifreið var innleitt nýtt innheimtuverklag sem felur í sér að sjúkraflutningsmenn og læknar fengu posa og geta nú tekið við greiðslum.

Á heilsugæslustöðvum HVE starfa samtals 127 starfsmenn. Fastráðnir starfsmenn eru 75 í 47,84 stöðugildum. Auk þess starfa við stöðvarnar 46 sjúkraflutningamenn á bakvöktum og nokkrir verktakalæknar. Heildarfjöldi heilsugæslulækna á svæðinu er 13,9 stöðugildi. Stöðurnar eru ýmist mannaðar með fastráðnum læknum eða verktakalæknum.

Fjöldi íbúa á starfssvæði HVE er í árslok 2016 samtals 18.005 og hefur þannig fjölgað um 1,05% frá fyrra ári.

Nánari upplýsingar um starfsemi einstakra heilsugæslustöðva innan HVE er að finna á næstu blaðsíðum ásamt tölulegum upplýsingum um sjúkraflutninga á næstu síðu.

## Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2016

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
<b>Bein samskipti við sjúklinga:</b>									
Símtöl	23.231	15.088	2.652	3.550	2.072	5.014	6.565	4.175	<b>62.347</b>
Viðtöl	19.787	12.468	3.591	3.388	2.478	3.756	4.156	3.371	<b>52.995</b>
Vitjun	390	517	158	78	88	87	169	182	<b>1.669</b>
<b>Heildarfj.</b>	<b>43.408</b>	<b>28.073</b>	<b>6.401</b>	<b>7.016</b>	<b>4.638</b>	<b>8.857</b>	<b>10.890</b>	<b>7.728</b>	<b>117.011</b>
<b>Heildarfjöldi skráðra samskipta</b>									
Karlar	19.536	13.116	3.282	3.446	2.396	4.782	5.709	3.450	<b>55.717</b>
Konur	29.425	17.825	3.947	4.433	3.086	6.140	7.960	5.069	<b>77.885</b>
<b>Samtals:</b>	<b>48.961</b>	<b>30.941</b>	<b>7.229</b>	<b>7.879</b>	<b>5.482</b>	<b>10.922</b>	<b>13.669</b>	<b>8.519</b>	<b>133.602</b>



## Heimahjúkrun á HVE 2016

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish. heilsug.	Samtals allir
<b>Bókanir úr afgreiðslukerfi</b>									
Heimahjúkrun 1. vitjun	54	18	3	5	3	5	12	7	<b>107</b>
Heimahjúkrun dagvakt	7.097	1.848	113	201	709	782	320	1.799	<b>12.869</b>
Heimahjúkrun útskrift	15	17		1	1	9			<b>43</b>
Heimahjúkrun-helgarvakt	3.679								<b>3.681</b>
Heimahjúkrun köldvakt	2.400								<b>2.400</b>
Heimahjúkrun símtal	534	16				28		9	<b>587</b>
<b>Samtals:</b>	<b>13.779</b>	<b>1.899</b>	<b>116</b>	<b>207</b>	<b>713</b>	<b>824</b>	<b>332</b>	<b>1.815</b>	<b>19.685</b>

## Myndgreiningarannsóknir á heilsugæslustöðvum HVE, Samanburður milli ára

	2014	2015	2016
Myndgreining Borgarnes	172	155	181
Myndgreining Búðardalur		46	72
Myndgreining Hólmavík	51	53	63
Myndgreining Hvammstangi	215	287	233
Myndgreining Ólafsvík	105	86	58
Myndgreining Stykkishólmur	103	38	38

Myndgreiningarannsóknir á Akranesi fylgja yfirliti yfir starfsemi stoðdeilda, sjá bls. 31.

## Sjúkraflutningar á HVE 2010-2016

	2014	2015	2016	Breyting 2015-2016
Akranes	890	1.001	833	-168 -16,8%
Borgarnes	350	440	412	-28 -6,4%
Búðardalur	102	127	137	10 7,9%
Grundarfjörður	73	87	115	28 32,2%
Hólmavík	36	42	43	1 2,4%
Hvammstangi	127	152	153	1 0,7%
Ólafsvík	161	217	198	-19 -8,8%
Stykkishólmur	124	153	143	-10 -6,5%
<b>Samtals:</b>	<b>1.863</b>	<b>2.219</b>	<b>2.034</b>	<b>-185 -8,3%</b>

Fækkun sjúkraflutninga á Akranesi á milli árunna 2015-2016 má rekja til þess að árið 2015 hafði sjúkraflutningum fjölgað mikið vegna bilunar í sneiðmyndataeki og verkfalls geislafræðinga sem orsakaði fjölgun ferða með sjúklinga til Reykjavíkur.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE AKRANESI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá botni Hvalfjarðar að Hafnarfjalli.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. desember 2016 var 7.587.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2016 var 48.961 auk 13.779 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. desember 2016 er 29 í 16,58 stöðugildum, þar af fjórir til fimm heilsugæslulæknar auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

## HVE Akranesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2014 - 2016

Heildarfjöldi samskipta	2014	2015	2016	Breyting 2015-2016	
Karlar	16.233	17.512	19.536	2.024	11,6%
Konur	24.471	26.235	29.425	3.190	12,2%
